



Alþýðusamband Íslands

Skýrsla starfshóps um upplýsinga- og kynningarmál í verkalýðshreyfingunni

Lagt fyrir formannafund ASÍ 28. október 2015

Á verkalýðshreyfingin að gefa út fréttablað?

Á 41. þingi ASÍ lagði Kristinn Örn Jóhannesson og hópur tengdur honum fram eftirfarandi tillögu.

„Miðstjórn ASÍ kanni fýsileika þess að verkalýðshreyfingin sameinist um útgáfu fréttablaðs og haldi úti fréttavef sambærilegu við „Bændablaðið“ og skyldan vef þess með sambærilegri útgáfutíðni og dreifingu.“

Til að taka afstöðu til þessarar tillögu var settur á laggirnar starfshópur, skipaður af miðstjórn, sem í eiga sæti fulltrúar landsambanda og félaga með beina aðild. Starfshópnum var ætlað að skoða tillöguna ásamt því að fara yfir upplýsinga- og kynningarmál í verkalýðshreyfingunni, með nánara samstarf í huga. Rétt er að þakka Kristni Erni og félögum fyrir tillöguna enda markmið hennar göfugt, þ.e. að gera verkalýðshreyfinguna sýnilegri og áhrifameiri í þjóðfélagsumræðunni. Það er markmið sem verkalýðshreyfingunni ber alltaf að halda á lofti og hún þarf sífellt að spyrja sig hverjar eru bestu leiðirnar að því markmiði.

Samstarfshópurinn hefur hist reglulega frá því í desember 2014 ef undan eru skildir sumarmánuðirnir. Auk þess var haldinn sameiginlegur samráðsfundur með flestum þeim aðilum innan ASÍ sem starfa að upplýsinga- og kynningarmálum í febrúar á þessu ári. Þar var unnið í hópum að málefnavinnu sem snertir þetta svið auk þess sem boðið var upp á fræðsluerindi. Á fjórða tug manna mætti á fundinn og var almenn ánægja með hvernig til tókst. Ekki síst voru verðmæti í því að hittast og ræða við alla hina sem eru að vinna að því sama út í hreyfingunni. Síðasta verk hópsins fyrir sumarleyfi var umsjón með þátttöku verkalýðshreyfingarinnar í *Fundi fólksins* sem haldinn var í Vatnsmýrinni í byrjun júní. Góð reynsla er af samstarfinu og lýsir hópurinn yfir vilja til áframhaldandi samstarfs þó formlega sé starfstíma hans lokið með þessari skýrslu.


Staða blaðaútgáfu

Á fyrsta fundi starfshópsins var farið yfir það hvort blaðaútgáfa af svipaðri stærðargráðu og Bændablaðið væri vænleg og nútímaleg leið til að ná til fjöldans, einkum í ljósi þess að dagblaðalestur hefur allsstaðar í hinum vestræna heimi dregist mikið saman á undanförunum árum, sérstaklega hjá ungu fólki.

Á árunum 2008-2010 hættu tæplega 200 dagblöð að koma út í Bandaríkjunum, mörg hver rótgróin og með langa sögu. Á Íslandi eru nú gefin út tvö dagblöð, DV kemur út tvisvar í viku og Fréttatíminn og Viðskiptablaðið einu sinni. Árið 1980 voru dagblöðin á Íslandi sex. Þróunin í dagblaðaútgáfu hefur því verið afgerandi í eina átt á síðustu áratugum.

Það er líka áhugavert að skoða úttekt *Kjarnans* frá desember sl. á dagblaðalestri á 11 mánaða tímabili frá desember 2013 til október 2014 (Heimild: Capacent). Á ekki lengra tímabili en 11 mánuðum er greinileg fækkun í lesendahópum nánast allra blaðanna fimm sem nefnd voru hér að framan.

Prentmiðlarnir fimm á lygnum sjó?



Með þessari mynd dró Kjarninn eftirfarandi ályktun:

„Ekki er að sjá miklar breytingar á lestri dagblaðanna á árinu. Lestur hefur þó dalað lítillega, en aðeins um örfá prósent. Enginn prentmiðlanna er að fá aukinn lestur samhliða því að aðrir dala, og segir það ef til vill sína sögu um lestur prentmiðla almennt. Það mætti því halda fram að þessir miðlar séu ekki á lygnum sjó, heldur fljóti niður aflíðandi á. Er nokkuð foss framundan?“

FRÉTTASKYRINGAR



Allir stóru prentmiðlar landsins mælast með minnsta lestur sinn í Íslandssögunni

Lestur Fréttablaðsins, Morgunblaðsins, Fréttatímans og DV hefur aldrei mælt minni en hann mældist í ágústmánuði. Eini prentmiðillinn sem mælist ekki með lestur í sögulegum lægðum er Víðskiptablaðið, sem tapar þó umtalsverðum lestri á milli mánaða.

Þetta kemur fram í nýrri lestrarkönnun Gallups sem birt var fyrir skemmstu.

Ritstjórn Kjarnans
Þriðjudagur 16. september
2015 14:30

[Líkar þetta](#) 50
[Tweeta](#) 2

Minnkandi blaðalestur hélt áfram árið 2015 eins og þessi frétt í Kjarnanum frá september 2015 sýnir glögglega.

Það er einnig til marks um sömu þróun að hinir hefðbundnu stjórnmálaflokkar hér á landi höfðu allir á hendi dagsblaðarekstur sem var hluti af daglegri pólitískri baráttu áratugum saman. Öll þessi málöggn eru nú liðin undir lok og ástæðan er einföld. Ekki var fjárhagslegur grundvöllur til reksturs dagblaða á vegum stjórnmálasamtaka þrátt fyrir að á bak við stjórnmálaflokkana væru þúsundir kjósenda og félagsmanna. Undantekningin er Morgunblaðið en alþjóð veit að þeim blaðarekstri hefur verið haldið uppi af öflugum útgerðarfyrirtæki þar sem gríðarlegar fjárhæðir hafa farið í að mæta taprekstri blaðsins.

Í tillögu Kristins Arnar eins og hún var lögð fyrir 41. þing ASÍ var hugmynd hans að starfshópurinn kannaði heildarkostnað og tekjur við alla útgáfu stéttarfélaganna eins og hún er nú. Í framhaldi af því yrði lagt mat á hvort skynsamlegt væri að ráðast í útgáfu fréttablaðs (sbr. Bændablaðið) með sambærilegum kostnaði og núverandi útgáfa stéttarfélaganna hljóðar upp á.

Kostnaður

Forsendur miðast við samskonar blað og umfang og á Bændablaðinu en það blað kemur út á tveggja vikna fresti í 32.000 eintökum.

Ritstjórn: Ritstjóri + 4 blaðamenn, einn þeirra starfar jafnframt sem vefstjóri. Einn rekstrarstjóri og einn auglýsingastjóri.

Regluleg heildarlaun á almennum vinnumarkaði í september 2014 voru að meðaltali 555.000. $7 \times 555.000 = 3.885.000$ kr. á mánuði (+ 20% launatengd gjöld 777.000). Launakostnaður á mánuði miðað við 7 starfsmenn væri því 4.662.000 kr.

Prentun: 840.000 + vsk hvert tölublað miðað við 32.000 eintök. Á mánuði 2.100.000 m/vsk.

Dreifing: Blað í svipaðri stærð og Bændablaðið er 127 gr. Ef 20 þús. eintökum er dreift á heimili og 12 þús. liggja frammi á t.d. bensinstöðvum er dreifingarkostnaður per. tölublað um 2 milljónir króna.

Húsnæði og skrifstofubúnaður (miðað við 7 starfsmenn fyrsta árið): 12.036.444

Samtals kostnaður á mánuði miðað við 2 x 32.000 eintök (í milljónum):

Launkostnaður	4,6
Prentun	2,1
Dreifing	4,0
Húsaleiga/þjónusta	1,0
Samtals	11,7 = 140 milljónir kr. á ári

Þessar kostnaðartölur eru varlega áætlaðar og líklegur er að kostnaðurinn sé nokkuð hærri en þær 140 milljónir sem þessi grunnur byggist á. Á móti kæmu tekjur af auglýsingasölu en erfitt er að áætla þær.

Niðurstaðan

Í ljósi minnkandi blaðalesturs, ekki síst meðal yngra fólks, erfiðleika í blaðaútgáfu almennt og gríðarlegs kostnaðar telur starfshópurinn ekki grundvöll fyrir því að verkalýðshreyfingin ráðist í útgáfu fréttablaðs á þessu stigi. Það er kalt mat starfshópsins að verkalýðshreyfingin yrði að vera tilbúin að tapa 70-100 milljónum króna á ári á blaðaútgáfu af fyrrnefndri stærðargráðu.

Starfshópurinn var mjög samstíga í því að ekki mætti horfa framhjá mikilvægi þess að hvert stéttarfélag geti talað beint við sína félagsmenn í gegnum sitt eigið félagsblað. Í slíkum blöðum er nauðsynlegt að viðkomandi félög einbeiti sér að eigin starfi, ímynd, fræðslustarfi og þjónustu í mikilvægum málum svo sem sjúkra- og orlofssjóði svo dæmi séu nefnd. Stéttarfélögin hafa mörg hver yfir að ráða heimasíðum sem eru vettvangur daglegra upplýsinga og tenging milli heimasíðna og fréttablaða félaganna mikilvæg, þar sem hagsmunir og áherslur félagsmanna viðkomandi stéttarféлага eru settar á oddinn. Það er niðurstaða starfshópsins að hlutverk bæði heimasíðna og fréttablaða einstakra stéttarféлага sé veigameira en sameiginleg útgáfa í líkingu við Bændablaðið. Það var jafnframt mat hópsins að það þjóni ekki markmiði tillögunnar ef stéttarfélögin hættu eigin blaðaútgáfu enda er hún mikilvægur snertiflötur sem nær beint til félagsmannsins.

Til viðbótar má nefna að það er alls ekki gefið að það yrði verkalýðshreyfingunni til framdráttar eða að málefni hennar fengju meiri athygli í umræðunni með útgáfu slíks blaðs. ASÍ hefur nú þegar góðan aðgang að stóru fjölmiðlunum og ekki útilokað að það góða samband myndi skaðast ef verkalýðshreyfingin væri komin í beina samkeppni við aðra fjölmiðla.

Til umræðu kom sú hugmynd að verkalýðshreyfingin keypti sig inn í fjölmiðla á borð við *Kjarnann* og *Stundina* og styddi þannig við frjálsa fjölmiðlun í landinu. Öllum má ljóst vera að frjáls fjölmiðlun á undir högg að sækja á Íslandi. Hagsmunaaðilar og stjórn málaöfl setja krumlurnar í ákveðna miðla á sama tíma og stjórnvöld höggva markvisst í stoðir Ríkisútvarpsins. Efasemdir komu hins vegar upp við nánari skoðun um að þessi leið væri fýsileg, hvorki fyrir verkalýðshreyfinguna né þá miðla sem vilja vera frjálsir og óháðir stórum hagsmunaaðilum.

Aukið samstarf

Í stað þess að fara inn á fjölmiðlamarkaðinn telur starfshópurinn vænlegra að verkalýðshreyfingin stilli saman strengina í sameiginlegum kynningum og vinni að því að efla ímynd hreyfingarinnar. Lagt er til að landssamböndin og stærstu félög auk ASÍ, geri áætlun þar sem hvert félag taki að sér ákveðið hlutverk miðað við tímabil sem henti hverjum og einum eftir ákveðnu skipulagi. Ábyrgðin felst í því að landssamband/félag sjái til þess að gildi stéttarfélagsaðildar, réttindi og skyldur á

vinnumarkaði og samfélagsleg ábyrgð verði áberandi í þjóðfélaginu og að sjálfsögðu tengja þessa þætti stéttarfélagunum og hreyfingunni í heild. Þetta má gera með auglýsingum, greinarskrifum, viðtölum í fjölmiðlum eða með öðrum hætti sem vekur athygli. Þetta væri góð leið til að styrkja hreyfinguna bæði inn á við og út á við og bæta ímynd hennar meðal þjóðarinnar. Fyrir nokkrum vikum sáum við VM taka ákveðið skref í þessa átt þegar félagið vakti athygli á deilu sinni við Rio Tinto Alcan og félagslegum undirboðum almennt. Í kjölfarið fylgdu auglýsingar fjölda félaga í sama dúr. Svona herferðir væri hægt að fara í sem geta skilað góðum árangri með markvissu skipulagi og virkri markmiðssetningu. Slíkt samstarf rímar við markmiðin í tillögu Kristins.

Klukk – tímaskráningarapp


Fljótlega eftir að starfshópurinn tók til starfa bárust honum fregnir úr fræðsluheimsóknum ASÍ í framhaldsskóla þar sem krakkarnir tjáðu sig um deilur um vinnutímaskráningar sem þau höfðu lent í. Sama vandmál er þekkt hjá stéttarfélagunum þar sem ítrekað koma inn á borð deilur um unnar vinnustundir. Starfshópurinn leit svo á að þarna væri sóknarfæri fyrir hreyfinguna. Í fyrsta lagi að leysa vandamálið og í öðru lagi að nálgast ungt fólk á nýjan hátt. Hugmyndin um Klukk varð til.

Klukk er frítt tímaskráningar app fyrir launafólk sem væntanlegt er á „markað“ í nóvember 2015. Hugmyndin er að notandi skrái vinnutíma sína með appinu og hafi þannig yfirsýn yfir unna tíma (hægt að nota við launadeilur).

Fyrsti áfangi:

1. App fyrir Android/iOS.
2. Stimpilkukka sem skráir vinnutíma og heldur yfirlit yfir alla skráða tíma
3. Hægt að senda gögnin á sjálfan sig og vinnuveitenda ef með þarf
4. Staðsetningarbúnaður

Lykilatriði er einfaldleiki og að skráning verði í sem fæstum skrefum. Það er einnig mikilvægt að staðsetning (vinnustaður) inn- og útskráningar sé vistuð. Forritið safnar upp vinnutímum starfsmanns fyrir hvern mánuð og hvert ár ef því er að skipta.



Dæmi um virkni:

Námsmaður fer úr skólanum til vinnu í verslun. Hann mætir klukkan 16, dregur upp snjallsímamann og

„stimplar sig inn“. Appið byrjar að telja vinnutímana. Í lok vinnudags stimplar hann sig út. Einnig er mögulegt að nota staðsetningarbúnað símans þannig að þegar viðkomandi kemur á vinnustað þá spyr síminn hvort hann vilji skrá sig inn. Það sama gerist þegar hann yfirgefur staðinn.

Í lok mánaðar fer námsmaðurinn í „Tímaskýrsla“ í veftrénu þar sem hann sér yfirlit yfir unnar vinnustundir, flokkað eftir mánuðum/dögum. Hann sendir svo yfirlitið á sjálfan sig í tölvupósti þar sem það birtist í Excel-skjali.

Nýr miðill:

Það verður að horfa á app sem nýjan miðil í fjölmiðlaflóru verkalýðshreyfingarinnar (ASÍ notar í dag heimasíðu, Facebook, Twitter og You tube). Ef vandað er til verka og byrjað einfalt er líklegt að við getum náð til mörg þúsund ungmenna í gegnum þessa nýju leið. Nauðsynlegt er að nýta fræðsluheimsóknir í framhaldsskóla til að styðja við markaðssetningu á appinu.

Vörumerkið:

Hugmynd starfshópsins er að vænlegast sé að enginn sérstakur aðili eignu sér appið að öðru leyti en því að fram kemur að ASÍ standi að gerð þess og merki ASÍ er yfir texta þar sem mikilvægi stéttarfélagsaðildar er tíundað. Þannig getur hvert stéttarfélag eignað sér appið að vissu marki og auglýst fyrir sína félagsmenn/svæði. [Ert þú búinn fá þér í klukk í símann þinn? Stéttarfélagið XXX](#) Notanda er svo bent á að ef hann lendir í vandræðum þá geti hann að leitað til síns stéttarfélags um aðstoð.

Þróun:

Í vinnsluferlinu voru m.a. ræddir möguleikar á að skrá orlofsdaga, kaffitíma, stórhátíðardaga og setja launareikni inn í appið. Niðurstaðan var að í fyrstu útgáfu væri heppilegast að hafa einfaldleikann að leiðarljósi. Með einfaldri virkni og skýrum markmiðum væri mun líklegra að við fáum fólk til að nota appið. Klukk á fyrst og síðast að skrá vinnutíma. Mikilvægt er að horfa til óska notenda í framhaldinu því á fyrsta árinu munum við þróa Klukk áfram í samræmi við óskir þeirra og stéttarfélaganna.

Áframhaldandi samráð

Samstarfshópurinn hefur mikinn áhuga á að halda áfram þeirri vinnu sem þegar er farin af stað. Samtal um þennan málaflokk innan verkalýðshreyfingarinnar er til góðs og leiðir til framfara. Helstu verkefni sem fara þarf í eru m.a. áframhaldandi þróun á appinu, sameiginleg herferð félaganna um réttindi og skyldur á vinnumarkaði ásamt áframhaldandi samstarfi við aðila innan hreyfingarinnar sem sjá um upplýsinga- og kynningarmál. Þá má nefna að eitt af stóru verkefnum verkalýðshreyfingarinnar á næsta ári verður væntanlega herferðin *Einn réttur - ekkert svind!* Það er dæmi um kynningarátak sem hefur breiða skírskotun og á sannarlega heima á borði starfshóps verkalýðshreyfingarinnar um upplýsinga- og kynningarmál.

Snorri Már Skúlason (ASÍ)

Eyrún Björk Valsdóttir (ASÍ)

Árni Steinar Stefánsson (SGS)

Björn Eysteinnsson (RSÍ)

Georg Páll Skúlason (Grafía – Bein aðild)

Hrönn Jónsdóttir (ASÍ-UNG)

Ólafur Magnússon (Samiðn)

Steinunn Böðvarsdóttir (LÍV - VR)

Þráinn Hallgrímsson (Efling)